

# Afreksstefna SÍL 2020-2025

## 1. Stefnumótun - almenn atriði

Siglingaíþróttin er í raun margar geinar þar sem siglingamaðurinn þarf að vinna með margar breytur frá náttúrunnar hendi svo sem vind, strauma og öldur. Það er unnt að vinna alþjóðlega titla í siglingaíþróttinni á yfir 100 bátum. Keppni getur verið einstaklingskeppni og einnig geta verið 2 eða fleiri keppendur um borð í hverjum bát. Einbeiting og hæfileg hreyfing á sjó eða í vatni í ómengaðri náttúru er ómetanleg til heilsubótar og mótunar iðkenda. Útivist, hreyfing, félagsskapur og fjölskyldan eru þættir sem að siglingaíþróttin horfir til og veitir ánægju og heilsubót. Siglingaíþróttin leggur áherslu á sjálfbærni með því að skapa jákvætt umhverfisvænt viðhorf til náttúrunnar, nota vind eða vöðvafl til að knýja okkur áfram, styðja heilbrigð gildi og jafnrétti. Keppni á seglbátum er ein af fáum íþróttum þar sem konur og karlar geta keppt á jafnréttisgrundvelli.

Siglingaíþróttin á Íslandi er ekki mjög stór og skiptist milli margra greina s.s. róður á ýmsum gerðum af bátum og kajökum, seglbátar af mörgum gerðum, siglingar og róður fyrir fatlaða, siglingar með dreka (kite). Mikil gerjun og þróun hefur verið undanfarin ár og sífellt koma fram ný tæki og tækni.

Mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár í fjölda einstaklinga sem hafa keypt kajak en þeir hafa ekki allir skilað sér inn í félögin einnig hafa þeir sem stunda dregasiglingar haldið sig utan félaga. Megin ástæður þess eru að þessir aðilar líta ekki á frístund sína sem keppnisíþrótt og sjá ekki hag sinn í þátttöku í hefðbundnu íþróttastarfi innan íþróttafélaga. Aðgangur að sjó og vatni er víða frjálst og því þarf ekki að kaupa aðgang að svæði eða vera félagar í siglingafélagi til að stunda siglingar til frístundar. Það er því áskorun fyrir aðildarfélög SÍL að laða þetta fólk til sín.

Siglingaíþróttin samanstendur af hinum almenna siglingamanni sem er félagi í einhverju af aðildarfélögum SÍL, landsliðsfólki og samtökum tengdum SÍL. Slagorð sambandsins er: „Siglingar fyrir alla, alla æfi“

Siglingasambandið er leiðandi og sameinandi afl innan siglingahreyfingarinnar á Íslandi og er aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Siglingasambandið er fulltrúi hreyfingarinnar á erlendum vettvangi og í góðu samstarfi við Alþjóða Siglingasambandið (World Sailing- WS) Siglingasambandið hefur mikilvægu hlutverki að gegna gagnvart sínum aðildarfélögum og hinum almenna siglingamanni og hefur sett sér neðangreind markmið til þess að sinna því hlutverki.

SÍL mun einbeita sér að þeim flokkum, bátum og greinum íþróttarinnar sem eru viðurkenndar af WS auk þess að aðstoða við frekari uppbygginu á kayak og róðraríþróttinni hér á landi.

## 2. Fjöldi iðkanda og hæfileikamótun - almenn atriði

**Markmið Siglingasambandsins er að fjölga bæði iðkendum innan aðildafélaganna sem stunda siglingar sér til gamans og keppa í siglingum.**

*Til þess að ná því ætlar Siglingasambandið:*

- Efla menntun og fjölga siglingakennurum og þjálfurum.
- Gera íþróttina sýnilegri meðal fjölmíðla, þannig að almenningur eigi auðveldara með að afla sér upplýsinga um hana.
- Gera afreksfólk okkar að sýnilegum fyrirmyndum fyrir börn og fullorðna um allt land.
- Öll siglingafélagin þurfa betri aðstöðu og SÍL mun styðja félögin í að fá betri aðstöðu.
- SÍL tekur þátt í útbreiðslustarfi, hæfileikamótun og barna og unglunga með árlegum æfingabúðum þar sem lögð er áhersla á þátttöku og miðlun fræðslu milli þjálfara.
- SÍL tekur þátt í verkefnum fyrir ungt og efnilegt siglingafólk á vegum WS og heldur utan um slík verkefni og velur afreksfólk og afreksefni í samráði við aðildarfélög.
- Bæta gæði í keppnishaldi á öllum keppnum skv keppnisalmanaki SÍL með auknu aðhaldi og kröfum.
- Auka fræðslu og menntun hjá mótshöldurum og keppnisstjórum með námskeiðahaldi í samvinnu við World Sailing.

### 3. Afreksíþróttafólk

Samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ er afreksmaður hver sá sem stenst ákveðna viðmiðun við heimsafrekaskrá í viðkomandi grein. WS raðar keppendum sem taka þátt í viðurkenndum mótum á afrekslista (ranking list). Um framúrskarandi íþróttamann er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, samkvæmt skilgreiningu þessum lista eða öðrum afrekum sem SÍL og Afrekssjóður ÍSÍ taka gild.

Skuldbinding iðkenda til fullrar þátttöku er grunnforsenda þegar kemur að vali í landslið SÍL. Landsliðsþjálfarar og fagnefndir kynna í upphafi hvers tímabils þær kröfur sem gerðar eru til þátttakenda. Æfingarátlanir eru gerðar og þeim eru sett markmið

Áætlanir innihalda:

Lýsingar á æfingarmagni.

Æfinga áherslur, tímasetningar og

Áætlun um aðkomu fagteymis SÍL að undirbúningi liðsmanna er hluti æfingarátlanar.

Afreksmenn verði valdir í landsliðshóp og unglíngalandsliðshóp Keppnisdagatal.

*Afreksmaður* á íslenskan mælikvarða telst sá keppandi sem:

- stendur fremstur á Íslandi í fullorðinsflokki
- hefur unnið Íslandsmót eða önnur stærri mót eða verið í efstu þremur sætunum.
- sem er í topp 3 á Íslandi í einhverri grein innan siglingahreyfingarinnar.

*Afreksefni* telst hver sá keppandi sem:

- stendur fremstur á Íslandi í sínum aldursflokki
- er í unglíngalandsliðshópi SÍL
- valinn hefur verið í þátttökuhóp fyrir þau mót sem standa í boði erlendis fyrir unglíng
- hefur sýnt stórstígar framfarir samfellt síðustu ár.

Markmið Siglingasambands Íslands er að Íslendingar eigi afreksfólk í fremstu röð.

Til þess að nálgast markmið hreyfingarinnar setur SÍL sér bæði langtíma og skammtímamarkmið.

Langtímamarkmið SÍL eru hugsuð sem stefna sambandsins í afreksmálum og eiga að tryggja að iðkendur framtíðarinnar viti að hverju þeir ganga þegar þeir keppast við að öðlast sæti í landsliði Íslands.

Skammtímamarkmið SÍL eru hugsuð sem leiðarljós landsliðsfólks fyrir komandi keppnistímabil sem einstaklingsbundin markmiðasetning landsliðsfólks byggir á.

*Langtímamarkmið SÍL (til 2025)*

#### **Fullornir**

- Að eiga a.m.k. þrjá keppendur í karla- og kvennaflokki innan við 500 á heimslista í a.m.k. einni keppnisgrein.
- Að eiga a.m.k. einn keppanda í karla- og kvennaflokki innan við 200 á heimslista í a.m.k. einni keppnisgrein.
- Að einn til tveir keppendur eftir því sem við á sem vinni sér þátttökurétt á Ólympíuleikum.
- Að byggja upp breiðan hóp af efnilegu siglingafólki sem tekur þátt í alþjóðlegum keppnum og/eða stundi æfingar erlendis

#### 4. Þjálfarar

Siglingasamband Íslands er eitt af þeim 12 sérsamböndum sem hafa skipulagða þjálfaramenntun í samræmi við þjálfaramenntun ÍSÍ. Fræðsluskipulag SÍL er byggt upp eftir fræðsluskipulagi ÍSÍ sem og WS. Fræðsluskipulag SÍL byggir þannig á áfangaskiptu kerfi ÍSÍ og verður almennur hluti þjálfara 1 til 3 í umsjón ÍSÍ og sérgreinahlutinn í höndum SÍL. Að auki hefur SÍL sett viðmiðunarreglur um þjálfun barna og unglinga og starfsemi siglingafélaga. Eigi að síður er skortur á þjálfurum fyrir afreksfólk.

##### *Langtímamarkmið SÍL um þjálfara:*

Að á Íslandi séu vel menntaðir og hæfir þjálfarar sem geta stutt við þjálfun iðkenda og stuðlað að því að þeir verði afreksmenn.

Að við eignumst þjáflara með nægilegri menntun til að þjálfra afreksfólk.

Að umgerð starfs þjálfara verði slík að þeir haldist í starfi

Forðast skal að fá afreksefni til að taka að sér þjálfun sem bitnað getur á afreksþjálfun þeirra.

Fá vottun WS á þjálfaramenntun SÍL

##### *Leiðir SÍL að langtímamarkmiðum:*

Til að ná þessu markmiði ætlar SÍL að bjóða reglulega upp á nauðsynleg námskeið og fræðslu. Skipulag SÍL er þannig:

- Að halda námskeið í þjálfara 1 á hverju ári og útskrifa hið minnsta 8 einstaklinga á ári
- Að halda námskeið í þjálfara 2 annað hvert ár og útskrifa hið minnsta 6 einsaklinga
- Að halda námskeið í þjálfara 3 hvert ár og útskrifa hið minnsta 4 einstaklinga.

Að senda fulltrúa á námskeið hjá Alþjóða siglingasambandinu þegar færi gefst.

Votta þau siglingafélög sem eru með menntaða siglingaþjálfara og vinna eftir þjálfunar viðmiðum SÍL

- Að nota heimasíðu sína til að gera fræðsluefni aðgengilegt

##### *Skammtímamarkmið SÍL*

Að votta eitt siglingafélag á árinu.

Stofna fagnefnd til að fara yfir vottanir og meta þjálfaramenntun.

Fagnefndir SÍL setja á hverju vori markmið fyrir næsta starfsár.

##### *Leiðir SÍL að skammtímamarkmiðum*

Til að ná skammtímamarkmiðum beitir SÍL skipulegum starfsáætlunum fagnefnda og eftirfylgni þeirra sem er í höndum framkvæmdastjórnar SÍL og sjálfum fagnefndum.

#### 5. Önnur fræðsla

Til að afreksstarf sé markvist þurfa siglingafélög mótshaldarar og þeir aðilar sem koma að uppbyggingu siglingastarfs að vera samstíga. Því er nauðsynlegt að halda úti öflugri fræðslu um allt það starf sem tengist siglingum.

Að halda fræðslunámskeið í öllum greinum innan SÍL á hverju ári er varðar mótahald, eftirlit og dómgæslu.

Málþing fyrir stjórnir siglingafélaga um m.a. þjálfun, afreksstarf, uppbyggingu, kostun etc.

## 6. Aðstaða

Aðstaða fyrir siglingaiðkendum þarf að mæta kröfum hins almenna iðkanda og afreksmanna. Aðstaða siglingafélaga í landi er víða óviðunandi og þarfnast úrbóta. Auk þess er víða þrengt að núverandi aðstöðu með t.d. húsbyggingum og fyrirhuguð brú yfir Fossvog veldur því að færa þarf aðstöðu fyrir Brokey og Ými útfyrir brúarstæðið áður en framkvæmdir hefjast við byggingu brúar yfir Fossvog.

Einnig þarf að bæta aðbúnað og aðstöðu fyrir keppnisstjórn með því félögin útvegi að láni eða eignist almennilegan keppnisstjórnarbrát og nægan mannskap til að halda utan um keppnir. Þetta er samvinnuverkefni sem félögin þurfa að vinna saman að. Þjálfarar þurfa líka ávallt að hafa viðunandi búnað og báta.

Það þarf að skilgreina og byggja upp aðstöðu í landi og taka frá svæði á sjó og vatni sem keppnis- og æfingavelli sem ekki verður ráðist inná með samgöngumannvirkjum eða öðru með sama hætti og aðrar íþróttagreinar hafa fengið.

Ennfremur þurfa geymslur, geymslu- og viðgerðarsvæði fyrir siglingabúnað að batna.

Aðstaða fyrir almenning í landi er langt frá því að vera viðunandi að undanskildri þeirri aðstöðu sem hefur verið byggð upp í Kópavogi og Hafnarfirði sem er samt of smá. Þá vantar líkamræktaraðstöðu fyrir siglingafólk og þarf það því að leita á náðir annarra íþróttafélaga eða til einkaaðila úti í bæ sem ekki hafa sérhæfð tæki fyrir siglingar.

*Langtímamarkmið SÍL fyrir aðstöðu er:*

- Að koma upp góðri æfingar- og keppnisaðstöðu fyrir afreksmenn SÍL sem stenst samanburð við æfingarsvæði í Skandinavíu og þannig að gera afreksfólki kleift að æfa allt árið um kring á Íslandi.
- Að koma upp aðstöðu þar sem afreksmenn geta geymt sinn búnað við kjöraðstæður.
- Að þrýsta á betra aðgengi og aðstöðu fyrir almenning á siglingasvæðum landsins koma upp líkamsræktarstöðu þar sem siglingafólk geti gert sínar sérhæfðu æfingar.

*Leiðir SÍL að langtímamarkmiðum:*

Vinna SÍL að snýst um að skilgreina kröfur sem gerðar eru til æfingaaðstöðu og vinna svo með rekstraraðilum siglingasvæðina að því að móta verkefni sem bæta úr aðstöðunni og færa nær settu marki. Þegar æfingaraðstaða afreksfólks tekur breytingum, fylgir aðstaða fyrir almenning einnig með

*Skammtímamarkmið SÍL*

Stofna fagnefnd um skilgreiningar á æfingaaðstöðu og umhverfi siglingaíþróttarinnar. Gefa út leiðbeiningar um aðstöðu fyrir siglingafélög. Fagnefndir og stjórn SÍL setja á hverju vori markmið fyrir næstu tvö starfsár sem er enduskoðað á hverju vori.

*Leiðir SÍL að skammtímamarkmiðum*

Skammtímamarkmiðum sínum hyggst SÍL ná með formlegum starfsáætlunum fagnefnda sambandsins um aðstöðu. Ábyrgð á eftirfylgni áætlana er á hendi framkvæmdastjórnar SÍL, ásamt fagnefnda og stjórnar.

## 7. Fagteymi

Siglingasambands Íslands þarf að koma upp fagteymi. Fagteymi þarf að hafa aðgang að lækni og sjúkraþjálfara. Það er mikilvægt að tryggja stöðugan aðgang afreksfólks að fagteyminu.

Þá er einnig nauðsynlegt að stjórn, starfsmenn og fagteymi standi þétt við bakið á afreksfólki. Afreksmenn SÍL hafa haft aðgang að fagteymisþekkingu ÍSÍ þar sem þekkingu SÍL hefur skort.

*Langtímamarkmið SÍL fyrir fagteymi er að efla fagteymi SÍL svo það geti sinnt þörfum afreksmanna þess*

### *Leiðir SÍL að langtímamarkmiðum*

Langtímamarkmiðum sínum hyggst SÍL ná með nánara samstarfi við fagteymið og með því að ná til aðila sem geta veitt fagteymi þekkingar innan íþróttasálfræði og næringarfræði.

### *Skammtímamarkmið SÍL*

Fagnefndir og stjórn SÍL setja á hverju vori markmið fyrir næstu tvö starfsár sem eru endurskoðað á hverju vori.

### *Leiðir SÍL að skammtímamarkmiðum*

Skammtímamarkmiðum sínum hyggst SÍL ná með formlegum starfsáætlunum fagnefnda og stjórna sambandsins um fagteymi. Ábyrgð á eftirfylgni áætlana er á hendi framkvæmdastjórnar SÍL, ásamt fagnefnda og stjórnar.

## 8. Fjármögnun

Fjármögnun SÍL og gerð fjárhagsáætlana er á ábyrgð stjórnar og unnið í sameiningu af framkvæmdarstjóra og stjórn. Fjármögnun afreksstarfs sambandsins byggir á fjórum meginstöðum:

Opinberum styrkjum, styrkjum frá styrktaraðilum, styrkjum frá aðildarfélögum og framlagi afreksfólks.

Fjárhagsáætlun er unnin fyrir tvö ár í senn og lögð fram á Siglingaþingi sem haldið er annað hvert ár til samþykktar.

Fjárhagsáætlun er unnin fyrir hverja fagnefnd fyrir sig sem leggur svo grunninn að fjárhagsáætlunum SÍL. Byggir áætlanagerðin á verkefnaáætlun fagnefndanna sem grundvallast settum markmiðum. Verkefnaáætlunum eru settar þær skorður að hægt sé að tryggja fjármögnun þeirra.

Langtímamarkmið er að efla samstarf við styrktaraðila og treysta tekjugrunn SÍL. Á sama tíma er markmið að draga úr vægi fjármögnunar með framlagi afreksfólks og að veita auknum fjármunum í að byggja upp fagþekkingu og stuðla að útbreiðslu.

Samþykkt á SÍLþingi 22.02.2020